

AÐ VAKA OG VINNA

og vernda heilsuna

VAKTAVINNA OG LÝÐHEILSA

Áhrif vaktavinnu á lífsgæði og heilsu eru ótvíræð og hafa margar rannsóknir sýnt fram á það. Vaktavinnustörfum hefur fjölgað og það að ganga vaktir því vinnufyrirkomulag fjölda fólks. Til að sporna gegn óæskilegum langtímaáhrifum vaktavinnu á heilsu, líðan og öryggi, hafa aðilar á vinnumarkaði sameinast um fræðslu fyrir starfsmenn sem ganga vaktir og stjórnendur sem skipuleggja þær.

Vaktavinna og lýðheilsa er 30 klukkustunda heildstætt nám. Markmið þess er að miðla nýrri þekkingu á vaktstörfum og vaktskrám út frá rannsóknum á heilsu, einstaklingsmun, lífshlutverkum, vinnuumhverfi, félagslegri stöðu og þekkingu á kjarasamningsbundnum réttindum. Fjallað verður um nýjar áherslur í þróun málefna sem tengjast vaktavinnu og þjálfun veitt í skráningu og notkun vaktkerfa. Auk þess verður fjallað um forvarnir sem styðja við persónulega uppbyggingu og lýðheilsufræðileg markmið.

Námið er í þremur lotum og verður kennt um land allt. Skráning fer fram á vef Starfsmenntar.

Námslota 1 LÝÐHEILSA OG VAKTIR

- 1.1. Vaktavinna og lífsgæði (4 klst.)
- 1.2. Tengsl vaktavinnu og heilsu (3 klst.)
- 1.3. Svefn og endurheimt (2 klst.)
- 1.4. Streita og bjargráð (3 klst.)

Námslota 2 UMGJÖRÐ KJARASAMNINGA

- 2.1. Umgjörð kjarasamninga (6 klst.)

Námslota 3 VAKTAVINNUFYRIRKOMULAG OG VINNUMENNING

- 3.1. Vaktkerfi og skráning (6 klst.)
- 3.2. Starfsbragur og kynjuð sýn (6 klst.)

Nánari upplýsingar og skráning á

www.smennt.is



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



BSRB



FÉLAG ÍSLENSKRA
BÚKRUNARFRÆÐINGA



Reykjavíkurborg



FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ